



GRÁHELLUHRAUN – SKÓGARGARÐUR

DEILISKIPULAG

GREINARGERÐ OG SKILMÁLAR- TILLAGA

1.NÓVEMBER. 2023

SAMKVÆMT 1. MGR. 41. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010



Samþykkt deiliskipulags

Deiliskipulag þetta var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá _____ til _____.

Deiliskipulag þetta var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann _____.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Forsendur og markmið	3
2.1	Markmið	3
2.2	Staðhættir og upplýsingar	3
2.1	Hverfisvernd	3
2.1	Jarðmyndanir - Gráhelluhraun	3
2.1	Gróður og skógrækt	4
2.2	Útivist	4
2.3	Minjar	5
3	Skipulagsleg staða	6
3.1	Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040	6
3.2	Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025	7
3.3	Deiliskipulag Kaldárselsvegar, dags. 14.09.2017	9
3.4	Deiliskipulag athafnarsvæðis hestamannafélagsins Sörla, endurskoðun, dags. 18.03.2003	9
3.5	Gögn deiliskipulags	9
3.6	Samráð	9
4	Deiliskipulag	10
4.1	Skógargarður	10
4.2	Stígar og brýr	10
4.3	Jarðmyndanir	11
4.4	Minjar	11
4.5	Bíla- og hjólastæði	11
5	Umhverfisskýrsla	14
7	Kynning og samráð	14

1 Inngangur

Landslag ehf. vinnur fyrir Hafnarfjarðarbæ að gerð deiliskipulags sem nær yfir hluta Gráhelluhrauns sem er eitt af fyrstu skógræktarsvæðum Skógræktarfélags Hafnarfjarðar.

Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana en það felur þó ekki í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

2 Forsendur og markmið

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 18. janúar 2022 að hafin yrði vinna við deiliskipulag Gráhelluhrauns.

2.1 Markmið

Markmið deiliskipulagsins er að bæta aðgengi að skóginum í Gráhelluhrauni, en hann hentar mjög vel til útivistar. Allt skipulagssvæðið er innan Græna trefilsins og verður svæðið hluti af samfelldri útivistarleið upp með Læknum í Hafnarfirði frá miðbæ að Hvaleyrarvatni og áfram í átt að Kaldárseli.

Í deiliskipulaginu er lögð áhersla á góðar aðgreindar göngu- og reiðleiðir um og við skóginn með góðum tengingum við umhverfið í kring ásamt því að leysa skörun göngu- og reiðleiða. Tenging „græna stígsins í græna treflinum“ í gegnum svæðið inn í Setbergsland í Garðabæ og í átt að Hvaleyrarvatni er einnig staðsett.

Gert er ráð fyrir að útbúa bílastæði út frá Kaldárselsvegi í norðurenda skipulagsins og í tengslum við aðkomu að athafnasvæði Hestamannafélagsins Sörla.

2.2 Staðhættir og upplýsingar

Deiliskipulagssvæðið er um 41 ha að flatarmáli og afmarkast það af reit Skógræktarfélags Hafnarfjarðar á Gráhelluhrauni auk mótaðs jarðvegslosunarsvæðis norðan þess. Sveitarfélagsmörk Hafnarfjarðar og Garðabæjar eru á austurmörkum skipulagsins og deiliskipulagsmörk athafnarsvæðis hestamannafélagsins Sörla og núverandi reiðleið eru á suðurmörkum.

Tvær háspennulínur, Hamraneslína og Hnoðraholtslína liggja þvert í gegnum svæðið og eru 2 háspennumöstur í miðju svæðinu, en mikill stærðarmunur er á þeim. Áform eru uppi um að Hamraneslína verði tekin niður á þessu svæði og sett í jörð. Lega jarðstrengs sem tæki við hefur ekki verið ákveðin og gæti verið utan skipulagssvæðisins.

2.1 Hverfisvernd


Innan skipulagssvæðisins er 0,4 ha hverfisvernd HVb6 Gráhella, einkennandi klettur og HVc2 Gráhelluhraun, skógræktarsvæði og útivist, sem nær yfir nær allt skipulagssvæðið eða 36 ha, sjá nánar í kafla 3.

2.1 Jarðmyndanir - Gráhelluhraun

Gráhelluhraun er eitt af nokkrum hraunum sem á uppruna sinn í Búrfellseldstöðinni. Hraunin eru talin vera um 8000 ára gömul.¹ Gráhelluhraun er hluti af næstelstu hrauntungunni (Lambagjálota) sem rann að Kaldá og síðan niður með Ásfjalli til Hafnarfjarðar. Gráhelluhraun fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd; *a. eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af*

¹ Árni Hjartarson, 2009, Búrfellshraun og Maríuhellar. Náttúrufræðingurinn 77 (3-4), bls 93-100.

landinu á síðjökultíma. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.



Mynd 1 Hluti af korti yfir Búrfellshraun úr grein Árna Hjartarsonar. Gulur hringur sýnir staðsetningu deiliskipulags.

2.1 Gróður og skógrækt

Svæðið er eitt af fyrstu skógræktarsvæðum Skógræktarfélags Hafnarfjarðar og hófst gróðursetning 1947. Þetta var ekki kjörsvæði til skógræktar en gott skjól víða og því sæmileg vaxtaskilyrði þrátt fyrir rýran jarðveg. Fyrst var plantað birki, skógarfuru og litlu magni af rauðgreni og síðar sitkagreni og lerki. Mikil afföll urðu vegna furulúsar og veðurs. Árið 1965 var aftur byrjað að gróðursetja í Gráhelluhrauni, aðallega birki, bergfuru og stafafuru sem hafa dafnað vel og hefur skógurinn verið nánast sjálfbær síðan 1978.²

Á vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnun Íslands er svæðið skilgreint sem vistgerð L14.3 Skógrækt auk smá alaskalúpínu, L14.4 í norðvesturhluta svæðisins.

2.2 Útivist

Reiðleið liggur í hring um svæðið út frá hesthúsasvæðum Sörla. Göngustígur liggur eftir svæðinu endilöngu og eru tvö áningarsvæði við stíginn. Göngustígurinn tengist m.a. stíg sem liggur frá Setbergshverfi. Skörun er á göngu- og reiðstígum í báðum endum svæðisins. Aðkoma akandi að skógræktarsvæðinu í Gráhelluhrauni er um Kaldárselsveg en engin bílastæði eru tengd því sérstaklega eftir að reiðleið var lögð við vesturjaðar hraunsins og bílastæði við norðurenda hraunsins lögðust af.

² Lúðvík Geirsson, 1996. *Græðum hraun og grýtta mela. Uppgræðsla og skógrækt í landi Hafnarfjarðar*. Skógræktarfélag Hafnarfjarðar.

2.3 Minjar

Minjar eru þekktar innan eða rétt utan við skipulagssvæðið og mun skipulagið taka tillit til þeirra. Ekki er gert ráð fyrir að neinar þeirra verði fyrir raski í tengslum við deiliskipulagið.

Gerð hefur verið fornleifaskráning fyrir Kaldársel og nágrenni, Fornleifaskrá Hafnarfjarðar IX³.

Úr fornleifaskráningunni, yfirlit yfir minjarnar:

Auðkenni	Tegund	Hlutverk	Aldur	Hættumat	Hættuorsök
2662-5	Hleðsla	Fjárskýli	1550-1900	Engin hætta	
2662-6	Garðlag	Landamerki	1850-1950	Engin hætta	
2662-7	Tóft	Fjárhús	1550-1900	Engin hætta	
2662-8	Hleðsla	Heygarður	1550-1900	Engin hætta	
2662-9	Garðlag	Vörslugarður	1550-1900	Engin hætta	
2662-10	Garðlag	Landamerki	1550-1900	Engin hætta	
2662-38	Garðlag	Landamerki	1550-1900	Hætta	Skógrækt

2.3.1 2662-5 Hleðsla, fjárskýli

Lítill hleðsla í kringum lítið innskot í hraunbolla. Timburleifar inní hólfinu. N hlið er klettur sem stendur yfir u.þ.b. helmingnum af rýminu.

Er við sveitarfélagsmörk Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

2.3.2 2662-6 Garðlag

Garðlag, líklega hluti af landamerkjagarði. Hefur verið girðing ofan á garðinum. Liggur NV-SA.

2.3.3 2662-7 Fjárhús

Fjárhús, grjóthlaðið og grasivaxið. Suður veggur er klettur. Inngangur í norður. Smá skúti í klettinum sem gæti hafa verið nýttur. Heygarður (2662-8) er áfastur tóftinni.

Er við sveitarfélagsmörk Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

2.3.4 2662-8 Hleðsla, heygarður

Áfast fjárhúsi (2662-7). Við kletta sem standa hátt uppúr hrauninu, tæpum 40m austan við reiðgötu og um 440m norðan við aðstöðu Hestamannafélagsins Sörla.

Lýsing:

Heygarður/Heystæði. Úr hraungrýti, inngangur í norður og vestur veggur er fjárhús (2662-7). Suður hlið er klettur og hlaðið er í sprungu í honum. Töluvert hrúnið.

Er við sveitarfélagsmörk Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

2.3.5 2662-9 Garðlag, vörslugarður

Liggur í klettunum vestan við fjárhús (2662-7) og gerði (2662-8).

³ Atli Rúnarsson, 2021. *Fornleifaskrá Hafnarfjarðar IX, Kaldársel og nágrenni*. Byggðasafn Hafnarfjarðar.

2.3.6 2662-10 Garðlag, landamerki

Staðsett suðaustan við skipulagsmörk. Liggur í hrauninu meðfram landamerkjum Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Landamerkjagarður úr hraungrýti. Hefur verið girðing ofan á garðinum. Horfinn á köflum, eða hann hefur ekki verið til staðar, liggja girðingastaurar í línu við garðinn. Líklega sami garður og (2662-6).

2.3.7 2662-38 Garðlag, landamerki

Austan við Kaldárselsveg, í jaðri skógivaxins svæðis á milli reiðgötu og göngustígs. **Lýsing:** Garðlag, líklega undirhleðslugarður af girðingu og er í átta pörtum á um 700m svæði. Er alveg að hverfa undir gróður. Girðinga-staurar liggja í línu við garðinn.



Mynd 1 Drónamynd yfir skipulagssvæðið, horft til suðausturs. Reiðleiðin fremst á myndinni þverar gönguleiðina sem liggur inn í skógin. Háspennumöstur fyrir ofan miðja mynd og þar fyrir ofan hesthúsasvæði Sörla. Helgafell í fjarska.

3 Skipulagsleg staða

3.1 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040

Markmið 4.1 í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er eftirfarandi:


Íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga aðgang að fjölbreyttum útivistarsvæðum sem hvetja til reglulegrar hreyfingar, náttúruupplifunar og jákvæðra, félagslegra samskipta.

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 kemur einnig fram:

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 er gert ráð fyrir að Hamraneslínur 1 & 2 verði fjarlægðar og Lyklafellslína komi í þeirra stað. Þar er einnig nefnt að stefnt skuli að því að háspennulínum innan höfuðborgarsvæðisins verði ekki fjölgað og frekar skuli horfa til þess að leggja strengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu.

3.2 Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025

Í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er skipulagssvæðið skilgreint sem Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL2). Mjög stór hluti svæðisins er einnig með hverfisvernd HVC2 Gráhelluhraun, skógræktarsvæði og útivist. Einnig er hverfisvernd á minjasvæði, HVb6 Gráhella, tóft. Sunnan við skipulagssvæðið er annars vegar íþróttssvæði fyrir hestaíþróttir (ÍP6) og hins vegar óbyggt svæði (ÓB3) sem skipulagið nær örlítið inn á.



Mynd 2 Staðsetning skipulagssvæðisins á aðalskipulagi.

3.2.1 Skógræktar- og landgræðslusvæði

Í almennum ákvæðum kemur meðal annars fram eftirfarandi: Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.

Hafnarfjarðarbær og Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hafa gert með sér samning um samstarf við ræktun, umsjón og eftirlit með skógræktar- og útivistarsvæðum í landi bæjarins. Samningurinn gildir til ársloka 2031.

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er fjallað um kraga útivistarsvæða eða grænan trefil sem umlykur byggð á svæðinu og takmarkar ásamt vatnsverndarsvæðum byggðapróun til suðausturs. Litið er á græna trefillinn sem skógræktar- og frístundasvæði fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins og að þar verði ekki leyfðar

byggingar sem ekki tengjast útivist. Út frá græna treflinum ganga grænir geirar niður eftir dalverpum til strandar. Uppland Hafnarfjarðarbæjar er hluti af þessu kerfi útivistarsvæða. Græni trefillinn er ekki formlegur landnotkunarflokkur samkvæmt skipulagsreglugerð heldur túlkun á umhverfis- og útivistarþáttum.

3.2.1.1 SL2 Gráhelluhraun

Annar stærsti skógræktarreiturinn er reitur Skógræktarfélags Hafnarfjarðar á Gráhelluhrauni, 39 ha. Engir sér skilmálar gilda fyrir þetta svæði í aðalskipulaginu.

3.2.2 Opin svæði

Svæði fyrir útivist með stígum, áningarstöðum og þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. Ekki er gert ráð fyrir annarri mannvirkjagerð, búsetu eða atvinnustarfsemi.

Einnig kemur eftirfarandi fram:

... grænn trefill eða útivistarás teygir sig frá Undirhlíðum, gegnum Kaldárbotna, meðfram Hvaleyrarvatni að Ásfjalli og að byggð í Hafnarfirði. Þar klofnar þessi útivistarás í þrjá strauma eða fingur. Sá nyrsti fer niður með Hamarskotslæknum, næsti um Ásfjall til strandar og sá þriðji stefnir suðvestur að Straumsvík.

3.2.3 Óbyggð svæði

Undir þennan flokk falla svæði með útivistargildi, þar sem aðeins er gert ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við útivist, öryggismál og fjarskipti. Ekki er gert ráð fyrir búsetu eða atvinnustarfsemi.

3.2.3.1 ÓB1 Uppland Hafnarfjarðar

Uppland Hafnarfjarðar (ÓB1) er að nær öllu leyti skilgreint sem óbyggt svæði. Upplandið er kjörið til útivistar og vinsælt sem slíkt.

Græni trefillinn, samfelld útivistar og skógræktarsvæði sveitarfélagana á höfuðborgarsvæðinu liggur um hluta upplands Hafnarfjarðar.

Nyrsti hluti skipulagssvæðisins nær mögulega rétt aðeins inn á þetta svæði.

3.2.4 Hverfisverndarsvæði

3.2.5 HVb6 Gráhella

Einkennandi klettur með tóft norðan undir hellunni. Landamerki milli Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Hverfisverndarákvæði. Innan 50 m svæðis frá klettinum má ekkert rask eiga sér stað og stuðlað verði að varðveislu og menningarsögulegu gildi þessa landamerkis.

Svæðið nær yfir 0,4ha.

3.2.6 HVc2 Gráhelluhraun

Skógræktarsvæði og útivist, 36 ha. Söguleg skógræktargirðing ævintýrlegt og skjólgott útivistarsvæði innan um ósnert hraun. Hverfisverndarákvæði: Í hverfisverndinni felst að ekki má raska landi né spilla minjum.

3.2.7 Vegir, götur og stígar

3.2.7.1 Stígar

Í greinargerð aðalskipulagsins kemur meðal annars eftirfarandi fram:

Útivistarstígar eru stígar sem liggja um náttúruleg svæði utan byggðar og um aðliggjandi heiðar og fjalllendi og henta fyrst og fremst göngufólki. Ekki er gert ráð fyrir að útivistarstígar séu lýstir og þeir teljast ekki til stofnstíga.

Reiðstígar eru staðsettir við athafnasvæði hestamannafélagsins Sörla í upplandi Hafnarfjarðar og tengjast útivistarsvæði við Hvaleyrarvatn og inn að Kjóadal. Tenging verður við Garðabæ ofan Sléttuhlíðar. Áfram verður unnið að stígatengingum við uppland Hafnarfjarðar bæði fyrir gangandi og ríðandi umferð.

3.3 Deiliskipulag Kaldárselsvegar, dags. 14.09.2017

Deiliskipulag Kaldárselsvegar nær yfir hluta Kaldárselsvegar og er ætlað að tengja saman þá vegi sem liggja að deiliskipulagssvæðinu og auka umferðaröryggi. Breyta þarf afmörkun deiliskipulagsins þar sem skipulag Gráhelluhrauns skarast við mörk þess.

3.4 Deiliskipulag athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla, endurskoðun, dags. 18.03.2003

Deiliskipulag athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla, með síðari breytingum, nær yfir athafnasvæði hestamannafélagsins. Unnið er að breytingu á þessu skipulagi og er gert ráð fyrir að skipulagsmörk þessara tveggja svæða verði samræmd. Í deiliskipulagi athafnasvæðis Hestamannafélagsins Sörla er gert ráð fyrir göngustíg sem er hluti stígsins sem liggur í gegnum Gráhelluhraun og áfram yfir Kaldárselsveg og áfram inn á svæðið við Hvaleyrarvatn.

3.5 Gögn deiliskipulags

Deiliskipulagið samanstendur af eftirfarandi gögnum:

- Greinargerð þessari með forsendum, markmiðum og skipulagsskilmálum
- Deiliskipulagsuppdrætti af öllu skipulagssvæðinu í mælikvarða 1:2000
- Skýringaruppdráttur í mælikvarða 1:2000

3.6 Samráð

Í vinnu við deiliskipulag eða á auglýsingartíma deiliskipulagsins er haft samráð við ýmsa hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

Helstu samráðsaðilar við gerð þessa deiliskipulags eru eftirfarandi:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Skógræktarfélag Hafnarfjarðar
- Hestamannafélagið Sörli
- Vegagerðin
- Minjastofnun
- Viðeigandi nefndir og deildir Hafnarfjarðarbæjar

4 Deiliskipulag

Deiliskipulagið miðast við að skógrækt hefur verið á svæðinu í marga áratugi og er gert ráð fyrir að skógurinn verði áfram sem útivistarskógur - skógargarður. Lögð er áhersla á góða göngu- og útivistarstíga og reiðleiðir og öryggi notenda bætt með því að koma í veg fyrir árekstra þessara mismunandi notendahópa.

4.1 Skógargarðurur

4.1.1 Gróður og skógrækt

Uppistaða skógargarðsins er núverandi skógur sem hefur verið sjálfbær í meira en 40 ár. Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hefur umsjón með svæðinu.

Við undirbúning deiliskipulagsins komu athugasemdir frá Umhverfisstofnun:

samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.“ Að mati Umhverfisstofnunar eiga framangreind ákvæði erindi í skilmála framkvæmdaleyfisins.

Skógurinn í Gráhelluhrauni var orðinn sjálfbær áður en þessi reglugerð kom til. Þó er sjálfsagt að horfa til þess að skóginum verði viðhaldið og hann grisjaður til að gera hraunmyndanir sýnilegri og til að skapa skógarrjóður fyrir áningarstaði og leiksvæði.

Gengið verður út frá því að lágmarka rask á gróðri og jarðvegi.

4.1.2 Áningarstaðir og leiksvæði

Gert er ráð fyrir að útbúnir verði fjölbreytilegir áningarstaðir og leiksvæði á útivistarsvæðinu. Lögð verði áhersla á val á tækjum sem falla vel inn í náttúrulegt umhverfi, bæði í efnis- og litavali. Sérstök áhersla verði lögð á að endurskapa leikja- og samkomusvæði sunnarlega í hrauninu þar sem áður var ræktað rjóður í skóginum.

4.1.3 Skilti – fræðsla

Upplýsingaskiltum um svæðið verði komið fyrir á aðkomusvæðum í báðum endum útivistarsvæðisins. Einnig er gert ráð fyrir upplýsingaskiltum við stíga innan svæðisins með fróðleik um hraunmyndanir, gróðurfar og trjátegundir.

4.2 Stígar og brýr

4.2.1 Aðalstígur

Gert ráð fyrir núverandi stígur eftir svæðinu endilöngu verði meginleið um svæðið. Deiliskipulagið sýnir legur stígs í báðum endum til að tengjast rétt við aðliggjandi stíga utan skipulagssvæðisins. Í norðvestur hluta deiliskipulagssvæðisins er hluti núverandi gönguleiðar hliðrað til að aðgreina gönguleiðina betur frá reiðleiðinni auk þess sem gert er ráð fyrir brú fyrir gangandi og hjólandi yfir reiðleiðina þar sem leiðir skerast.

Gert er ráð fyrir stíg í nýrri legu í gegnum skógin í suðvesturenda svæðisins. Þar er einnig verið að leiða stíginn á betri stað til að fara yfir reiðleiðina á brú og mynda betri tengingu við núverandi stofnstíg vestan við Kaldárselsveg sem tengist Hvaleyrarvatni og Kaldárseli. Lega stígsins á þessum kafla á uppdrætti er leiðbeinandi en nánari útfærsla er gerð við framkvæmd svo hægt sé að staðsetja stíginn sem best í landslagi og með tilliti til hraunmyndana og trjágróðurs. Gert er ráð fyrir að aðalstígurinn í gegnum svæðið sé 3 metra breiður og með malaryfirborði.

4.2.2 Náttúrustígur

Gert er ráð fyrir að um svæðið verði lagðir náttúrustígar sem mynda mislangar hringleiðir um útivistarsvæðið. Þessir stígar geta verið allt að 1,2 m breiðir með trjákurli eða mól sem yfirborðsefni. Lega stíganna á deiliskipulagsupprætti er leiðbeinandi og nákvæm lega ákvarðist á vettvangi með tilliti til hraunmyndana og trjágróðurs.

4.2.3 Brýr

Gert er ráð fyrir tveim göngubrúum þar sem aðalstígurinn þverar reiðstíg í báðum endum svæðisins. Brýrnar skulu falla vel inn í náttúrulegt umhverfi. Þær verði 3-4 m breiðar og skulu geta borið léttar vinnuvélar til viðhalds og þjónustu svæðisins.

4.2.4 Græni stígurinn í græna treflinum

Í eldri hugmyndum um legu „Græna stígsins í græna treflinum“ var lagt upp með að hann færi þvert yfir Gráhelluhraun og tengdist í átt að Oddsmýrardal í Setbergslandi í Garðabæ. Í skoðun er nánari útfærsla á Græna stígnum í heild sinni og m.a. skoðaðir möguleikar á að nýta stíga og leiðir sem eru fyrir hendi. Meðan þessi vinna er í gangi er ekki gert ráð fyrir öðrum tengingum en til norðurs og suðurs. Vísað er til yfirstandandi endurskoðunar aðalskipulags Hafnarfjarðar um nánari útfærslur stígakerfis.

4.2.5 Reiðleiðir

Gert er ráð fyrir að reiðleið umlyki Gráhelluhraun og myndi um 3km langan hring. Reiðleið sem nú liggur þvert fyrir norðurenda Gráhelluhrauns verður lögð af vegna öryggissjónarmiða. Þess í stað verður reiðstígur vestan Gráhelluhrauns framlengd meðfram Kaldárselsvegi að norðurmörkum deiliskipulagsins.

4.2.6 Eldvarnir

Aðkoma slökkviliðs er um reiðleiðir á svæðinu og mögulega aðra stíga. Vatnsöflun er úr brunahönum í nærliggjandi svæðum.

4.3 Jarðmyndanir

Núverandi reiðleið er um 30 m frá klettinum í hverfisvernd *HVb6 Gráhella*. Ekki er talin ástæða til að færa reiðleiðina þar sem slík framkvæmd myndi valda meira raski á svæðinu. Þar sem nýir stígar verða lagðir skal vanda frágang svæða og lágmarka allt rask.

4.4 Minjar

Líkt og kom fram í forsendunum í kafla 2.3 eru sjö þekktar minjar innan skipulagsins, allar nema ein eru nálægt sveitarfélagsmörkunum. Nokkrar þeirra eru hluti af landamerkjum á mörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar auk tófta af fjárhúsi og fjárskýli sem einnig eru við sveitarfélagsmörkin. Ekki er gert ráð fyrir að gerð stíganna hafi áhrif á minjarnar.


4.5 Bíla- og hjólastæði

Gert er ráð fyrir tveim aðkomusvæðum, annars vegar norðan Gráhelluhrauns og hins vegar sunnan við. Á norðursvæðinu er gert ráð fyrir um 20 bílastæðum auk 2 stæða fyrir hreyfihamlaða. Bílastæðin eru út frá Kaldárselsvegi í norðvesturenda deiliskipulagsins. Einnig er gert ráð fyrir hjólastæðum. Góð tenging þarf að vera frá stæðunum að göngustígnum sem liggur inn í skógargarðinn. Á suður aðkomusvæðinu er gert ráð fyrir 10 bílastæðum auk 2 stæða fyrir hreyfihamlaða. Bílastæðin eru út frá nýjum aðkomuvegi að svæði Sörla.

SKÝRINGARGÖGN:

Aðkomusvæði norðan Gráhelluhrauns:

- Landslag á jarðvegstípp endurmótað þannig að reiðhringur verði lengdur til norðurs og núverandi reiðstígur norðan skógarins verður aflagður.
- Bílastæði og aðkomusvæði á fyllingu við Kaldárselsveg og mön mótuð milli bílastæða og reiðstígs.
- Göngustígur norðan núv. timburstígs færður til og fer á göngubrú yfir reiðstígin.
- Jarðvegstíppurinn græddur upp með trjárækt til skjóls og yndisauka.



SKÝRINGAR


- Reiðstígur
- Göngustígur
- Brú



SKÝRINGARGÖGN:

Aðkomusvæði sunnan Gráhelluhrauns:

- Nýr aðkomuvegur að nýrri reiðhöll og bílastæðum
- Reiðstígur þveran nýjan aðkomuveg á einum stað
- Aðkomusvæði fyrir Gráhelluhraun verði næst Kaldárselsvegi og gönguleið þverar reiðstíg á göngubrú.
- Tvær nýjar göngupveranir yfir Kaldársels veg og núverandi gangbraut aflögð.
- Önnur nýja göngupverunin tengist stíg milli Gráhelluhrauns og Hvaleyrarvatns en hin tengist beint inn á göngustíg meðfram nýjum aðkomuvegi inn að nýrri reiðhöll



SKÝRINGAR

-  Reiðstígur
-  Göngustígur
-  Brú
-  Nýr vegur



5 Umhverfisskýrsla

Framkvæmdir samkvæmt deiliskipulagi eru stígar, göngubrýr og bílastæði. Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdir þessar hafi verulega neikvæð áhrif á umhverfið. Bílastæðin verða staðsett á þegar röskuðu svæði við Kaldárselsveg og munu því ekki hafa bein áhrif á skóginn né hraunið. Bílastæðin munu hins vegar bæta aðgengi að svæðinu sem eykur á útivistarmöguleika innan svæðisins sem gæti þýtt aukið álag á svæðið.

Stór hluti stíga er þegar fyrir hendi og þar sem gert er ráð fyrir að bætt verði við verður raski á gróðri haldið í lágmarki og ekki gert ráð fyrir að raska hraunmyndunum.

6 Kynning og samráð

Vegna vinnu við deiliskipulag skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta með virku samráði gegnum allt skipulagsferlið.

Helstu samráðsaðilar:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Skógræktarfélag Hafnarfjarðar
- Hestamannafélagið Sörli
- Vegagerðin
- Minjastofnun
- Viðeigandi nefndir og deildir Hafnarfjarðarbæjar

Áður en tillaga að deiliskipulagi verður afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli verður tillagan kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.